

# Stefna í fiskeldi

## Leiðarljós

Fiskeldi á Íslandi nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar fyrir sjálfbærni. Eftirtektarverðum árangri má þakka skýrri stefnu íslenskra stjórnvalda í málefnum atvinnugreinarinnar, háu þekkingarstigi og metnaði þjóðarinnar í sjálfbærri matvælaframleiðslu.

## Markmið

1. Að nýta þau tækifæri sem felast í auknu fiskeldi á sjálfbærum grunni.
2. Að rannsóknir á áhrifum fiskeldisstarfsemi á lífríki og samfélag verði auknar.
3. Að leggja grunn að svæðisbundnum áætlunum um vernd og sjálfbæra nýtingu strandsvæða.
4. Að ríki og sveitarfélög séu þess meðvituð að sjálfbær þróun í fiskeldi byggir á jafnvægi milli efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra þátta og litið sé markvisst til þeirra þátta allra í opinberri stefnumörkun og laga- og reglusetningu.
5. Að tekjustofnar sveitarfélaga af atvinnustarfsemi í sjó, allt að einni sjómílu út frá grunnlínu landhelginnar, verði skilgreindir í samráði við sjávarútvegssveitarfélög, svo að þeim sveitarfélögum, þar sem fiskeldi hefur haslað sér völl, takist að laga samfélagslega uppbyggingu að örum vexti atvinnugreinarinnar.
6. Að styrkja byggðamynstur með þeirri viðspyrnu sem sjálfbært fiskeldi veitir í atvinnu- og efnahagslífi dreifðra byggða.
7. Að stuðla að aukinni mennta-, rannsókn- og þróunarstarfsemi samfara uppbyggingu í sjálfbæru fiskeldi og styrkja enn frekar jákvæð áhrif atvinnugreinarinnar á þjóðarframleiðslu og sjálfbæra þróun landsbyggðanna.

## Leiðir

1. Stuðla að sjálfbærri uppbyggingu fiskeldis
2. Tryggja sveitarfélögum tekjur af reitanýtingu í sjó.
3. Fiskeldissveitarfélögum tryggð nauðsynleg áhrif á haf- og strandsvæðaskipulag.
4. Stefnumörkun ríkisins í fiskeldi unnin í samráði við fiskeldissveitarfélög.
5. Forræði sveitarfélaga aukið í málefnum fiskeldis og nauðsynlegir tekjustofnar tryggðir.
6. Efla nýsköpun, rannsóknir og þróun í sjálfbæru fiskeldi, úrvinnslu og markaðssetningu.